

Alþýðubanka- rannsókninni miðar vel

Framhaldsrannsókn Alþýðubankamálsins er vel á veg komin, að sögn Sverrir Einarssonar sakaðmárá. Sverrir hefur yfirheyrð fyrrverandi bankastjóra bankans og gjaldkera um viðskiptamál bankans og hefur ávísanamálið svokallaða m.a. fléttast þar inni, og þá sérstaklega viðskipti bankans við veitingahúsið Klúbbinn. Að sögn Sverris er rannsóknin komin á seinni hlutann, og er nú beðið eftir gögnum frá Alþýðubankanum. Að rannsókn lokinni fer málið að nýju til ríkissaksóknara til ákvarðanatöku.

— NATO

Framhald af bls. 1.

eldflaug sem kemur staðinn fyrir SS-16 sem er þriggja þrepa og hægt er að skjóta heimsálfa á milli. Bandarísk yfirvöld eru ekki sammála um

hvort Rússar hafa tekið SS-X-20 í notkun þar sem Rússar breiða yfir eldflaugar sínar af þessari gerð og þær sjást því ekki frá bandarískum njósnhöttum.

Rússar hafa auk þess tekið í notkun þrjár nýjar eldflaugar sem skjóta má heimsálfa á milli og leysa af hölmi langdrægar eldflaugar sem skotið er frá kafbátum en eru miklu nákvæmari og geta borið fleiri þyngri kjarnorkuvopn auk þess sem þær eru langdrægari. Rússar hafa nú um 1500 eldflaugar sem draga á milli heimsálfa en Bandaríkjamenn 1055 og 825 kafbáteldflaugar, en Bandaríkjamenn 650.

Herfræðingar hallast nú meir og meir að því að NATO verði að beita kjarnorkuvopnum til að stöðva hugsanlega skyndi-árás Rússa. Samkvæmt nýrri áætlun verður barizt eins nærri austurþýsku landamærunum og hægt er því Vestur-Þjóðarjar óttast að land þeirra verði geislunarsvæði. En með nýjustu tækni er hægt að draga úr geislavirkni og herfræðingar segja að þar með hafi verið dregið úr þeirri hættu að NATO-sprengrtur tortími vinveittum þjóðum.

Fundurinn í London er í svokallaðri kjarnorkuáætlunar-

nefnd, NPG, sem NATO kom á fót 1966 til að auka áhrif NATO-þjóðanna á skipulagningu hugsanlegrar kjarnorkustyrjaldar er gæri þróast stig af stigi í Evrópu. Stefna NATO í kjarnorkumálum miðar að því að draga úr slíkri hættu en bandalagið er farið að hallast að þeirri skoðun að Rússar stefni að því að verða færir um að sigra í kjarnorkustyrjöld.

— Heildarafli

Framhald af bls. 32.

á mót 2.193 lestum, 2.757 lestir af humri hafa fengist, en í fyrra var humarafli 2.307 lestir, kolmunnaafli 628 lestir og annar afli 20.103 le

— Veturliði

Framhald af bls. 2

fram af skriffinum og listfræðingum, sem skrifa um kúnt og ég vil gefa þeim ásamt hinu fjölmarga unga fólki og eldra, sem er fastagestir á sýningum, kost á að bera saman myndirnar og fylgjast með þróuninni. Fyrst sinnti ég mest manneskjunn og figurinni, síðan tóku við bátar, fugl og fjara og þannig breytist þetta. Maður getur ekki alltaf verið að mála

sömu myndina. Það væri slátt ævistarf að vera alltaf að þrjóna sama sokkinn."

„A döfinni? Jú, ég er að undirbúa gerð veggmynda úr íslensku grjóti fyrir Eimskip, en eina slíka gerði ég í Árbæjarskóla, 30 fm mynd, þar sem m.a. er fullt af steinum sem ekki eru til á Náttúrugripasafninu. Fólk ætti að skoða myndina þar. Þá er ég að undirbúa gerð mosaikmyndasýningu í vetur, líklega í marz-apríl, því þá er fólk búið að jafna sig á jólavíxlunum og skattaskýrslunni."

— Eltu flóttamenn

Framhald af bls. 1.

mennirnir og skæruliðar SWAPO stáði fyrir morðum á fólki af Kwanyamaættflokkki er yfirleitt stóður hreyfinguna Unita, sem stórsókn hefur verið hafin gegn, og brenni bústaði þeirra til grunna. Síðan sóknin hófst hafa um 3.000 flúði, en fyrir eru um 5.000 flóttamenn.

Frú Naukalemo Ngolowa segir að rúmlega 20 hafi verið skotnir til bana í þorpi hennar Onagwe, þar á meðal konur og börn. Hún sagði að stjórnar-

hermenn og kúbanskir hermenn hefðu komið í flutningabifreiðum og hafið morð og íkveikjur. Hún segir að 200 hermenn Unita hafi verið í þorpinu áður en árásin var gerð og veit ekki um aðdrif þeirra. Bóndi nokkur sá Kúbumenn skjóta sex menn sem reyndu að flýja.

Nokkrir flóttamenn segja að mörg hundruð Unita-menn hafi verið í þorpum þeirra áður en árásirnar voru gerðar. Þeir segjast hafa stutt Unita vegna þess að þeir hafi fengið matvæli frá hreyfingunni.

Innan við 10 af hundruði flóttamanna í Omungwelume eru vinnufærir karlmenn. Flóttamenn segja að margir ungir menn úr þorpum þeirra hafi verið myrtir eða flúði til skógar með liðsveitum Unita.

Talsmaður yfirvalda í nyrta hluta Suðvestur-Afríku kveðst hafa fengið upplýsingar um að stjórnarherinn, Kúbumenn og SWAPO myrði eða hafi á brott með sér alla karlmenn yfir 12 ára aldri. Ef svo er virðist stefnan sú að koma í veg fyrir að Unita fái nýliða í raðir sínar. Með eyðingu þorpa virðist ætlunin að útrýma áhrifum hreyfingarinnar.

— Klúbb-málið

Framhald af bls. 13.

þerra starfsmanna voru tilkvaddir tveir kunnáttumenn, þeir Guðmundur Ingi Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður, og Halldór V. Sigurðsson, ríkisendurskoðandi, til að kanna mál þessara manna og skila greinargerð um það efni til þáverandi fjármálaráðherra, Halldórs E. Sigurðssonar. A grundvelli þessarar greinargerðar ákvað fjármálaráðherra að mönnum skyldi ekki víkið úr starfi fyrir fullt og allt.

Létu áætla skatta í tvö ár

A vegum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra fór einnig fram um þetta leyti mjög umfangsmikil rannsókn á bókhaldi og rekstri veitingahússins Glaumbæjar og veitingahússins að Lækjarteigi 2 í ljósi þess að fram hafði komið við athugun deildarinnar, að ekki hafði verið talið fram til skatts fyrir árin 1970 og 1971. Sé gluggað í skattskrána kemur einnig í ljós, að opinber gjöld hafa verið áætluð á hlutafélagið Bæ hf., rekstraraðila Veitingahússins við Lækjarteig, bæði þessi ár.

Árið 1971 er félaginu gert að greiða kr. 101 þúsund krónur í tekjuskatt vegna tekna ársins 1970, kr. 3.535 í eignaskatt, 5.058 í kirkjugarösgjald, kr. 133.910 kr. í tekjuútsvar, 3.290 kr. í eignauútsvar og kr. 200 þúsund í aðstöðugjald eða samtals gjöld kr. 446.793.

Árið 1972 greiðir Bæ hf. hins vegar 401.475 kr. í tekjuskatt vegna ársins 1971, kr. 14.140 í eignaskatta, kr. 3.900 í kirkjugarösgjald og kr. 195 þúsund í aðstöðugjald, eða samtals í opinber gjöld kr. 614.515. Á þessu ári kom til skattalagabreyting, sem hafði í för með sér yfir 50% hækkun á tekjuskatti félaga en útsvarsgreiðslur voru felldar niður.

Þeir sem minnst skemmtanalífsins á þessum árum, þegar veitingahúsið við Lækjarteig 2 var að vinna sér sess sem vinsælasti skemmtistaður landsins, munu vafalaust telja að Bæ hf. hafi sloppið vel frá opinberum gjöldum þessi ár miðað við þá veltu sem ætla má að hafa verið í veitingasölu hússins.

Rekstur bæði Glaumbæjar og Veitingahússins við Lækjarteig fór ýmist fram í nafni Sigurbjörns, Gróu Bæringsdóttur eða Bæjar hf. en í bréfi sem Helgi V. Jónsson, löggildur endurskoðandi ritaði til fjármálaráðherra hinn 3. desember 1975 fyrir hönd Sigurbjörns segir að til þess að auðvelda skattyfirvöldum athugun og álagningu opinberra gjalda hafi Sigurbjörn samþykkt að öll álagning opinberra gjalda, sem leiða kynni af athugun rannsóknardeildarinnar, mætti fara á nafn hans persónulega.

Álagningin lækkuð í um 18 milljónir

Að lokinni athugun deildarinnar sendi ríkisskattstjóri Sigurbirni bréf hinn 18. september 1973, þar sem

Sigurbirni voru úrskurðaðar hækkunar á opinberum gjöldum sem hér segir:

| | | |
|-----------------------------|----------------|----------------|
| Tekjuskattur um | hækkaði | kr. 15.258.612 |
| Söluskattur m/dráttarvöxtum | kr. 4.895.599 | |
| hækkaði um | | |
| Aðstöðugjöld | hækkuðu | kr. 1.503.200 |
| um | kr. 6.349.200 | |
| Útsvar hækkaði um | kr. 6.349.200 | |
| Alls | kr. 28.006.611 | |

Sigurbjörn kærði þennan úrskurð til ríkisskattstjóra hinn 30. október 1973 en með úrskurði hinn 2. janúar 1974 voru þessi gjöld lækkuð um sem næst helming eða nánar tiltekið tekjuskattur um sem næst 11 milljónir, söluskattur og dráttarvextir um röska 127 þúsund, útsvar um tæpar 3,2 milljónir en aðstöðugjald hækkað um 338.800 kr. eða samtals lækkun um 14 milljónir og 38 þúsund krónur.

Samkvæmt upplýsingum sem Morgunblaðið hefur aflað sér er ekkert talið athugavert við þessa miklu lækkun. Fyrri álagningin hafi verið áætluð og hún varð til þess að Sigurbjörn lagði fram mun ítarlegri upplýsingar en áður höfðu fengist.

Sigurbjörn vildi þó ekki una þessum úrskurði ríkisskattstjóra og áfrýjaði máli sínu til ríkisskattnefndar sem dagsett er hinn 9. febrúar 1974. Úrskurður ríkisskattnefndar féll síðan 26. nóvember 1975 og lækkaði nefndin framangreinda hækkun ríkisskattstjóra enn um röska 4 milljónir króna, þannig að endanleg hækkun á opinberum gjöldum Sigurbjörns varð rétt um tíu milljónir króna. Sigurbjörn hefur þó jafnan talið, samkvæmt framangreindu bréfi Helga V. Jónssonar, að álagning þessi sé alltof há miðað við raunverulegar tekjur hans, og eins og greint var frá nýlega í Morgunblaðinu hefur síðan staðan staðið í þrefi um innheimtu á þessum gjöldum, og hefur það einkum snúist um nauðungaruppboð á jörð Sigurbjörns, Alfnesi á Kjalarnesi. Fram hefur komið að uppboði á jörðinni hefur verið frestað tíu sinnum að beiðni Sigurbjörns og í röksemdum lögmans Sigurbjörns kemur fram, að eins og allar landareignir í nágrenni Reykjavíkur hafi Alfnes stórhækkað í verði og enginn vafi sé á því, að raunverð hennar fari langt fram úr þeim skuldum, sem á jörðinni hvíla.

Lögmaðurinn segir (í bréfi til uppboðshaldarans í Kjósarsýslu 25. nóvember 1975) að hann leyfi sér að benda á varðandi verðmæti jarðarinnar, að samkvæmt upplýsingum Brunabótafélags Íslands sé brunabótamat húsa samtals um 22,8 milljónir króna. Að því er varði landstarð Alfness muni hún vera yfir 300 hektarar og alkunna sé að spildur í Kjalarneshreppi hafi að undanförunni verið seldar á um 300 þúsund krónur, þannig að samkvæmt röksemdum er verðmæti jarðarinnar um og yfir 100 milljónir króna. Lögmaðurinn segir, að Sigurbjörn sjái fram á, að verði eign þessi seld á nauðungaruppboði,

séu hverfandi líkur á því að sannvirði fáiast og hann muni biða stórfellt fjártlón. Sigurbjörn telji því nauðsynlegt að uppboðsskilmálum sé breytt og greiðslufrestir ákveðnar mun hagstæðari en samkvæmt hinum almennu skilmálum. Uppboðshaldarinn féllst sem kunnugt er ekki á þessa röksemd, Sigurbjörn áfrýjaði skilmálunum til hæstaréttar og þar var málið afgreitt með útvistardómi fyrir fáeinum dögum, svosem kunnugt er af fréttum. Hann hafði þá 4ra vikna frest til að fá málið tekið upp að nýju en í samtali við Morgunblaðið taldi lögmaður Sigurbjörns ólíklegt að sú leið yrði farin.

Seinfaðin leið

Vikjum þá aftur að ferli málsins í dómkerfinu sjálfu. Eins og kom fram upphafi var Hallvarður Einvarðsson, sem þá var aðalfulltrúi saksóknara, einn þeirra sem sat fundinn í tollgæzlúhúsinu þegar Kristján Pétursson og Asmundur Guðmundsson skýrðu frá því sem þeir höfðu orðið vísari um áfengisflutningana milli áfengisverzlunarinnar við Lindargötu og veitingahússins við Lækjarteig, þannig að hann fylgdist með málinu frá upphafi. Formlega kemur þó málið fyrst fyrir hjá saksóknaraembættinu, þegar því bærust hinn 1. nóvember 1972 endurrit úr frumrannsókn sakaðoms en hinn 10. maí 1973 bárust síðan gögn frá ríkisskattstjóra til saksóknara. Í sakadómi Reykjavíkur var rannsókn málsins talið lokið um sumarið 1973 og það sent saksóknara til ákvörðunar hinn 3. ágúst. Hinn 22. janúar 1974 bárust saksóknara enn á ný rannsóknargögn frá ríkisskattstjóra, og að sögn Hallvarðs Einvarðssonar má raunverulega segja að aðalathugun á málinu hefjist hjá saksóknaraembættinu, þar eð þá lágu loks fyrir gögn beggja rannsóknaraðila málsins — sakadómsembættinu og ríkisskattstjóra.

Saksóknaraembættið varð úti um aðstoð löggilds endurskoðanda, sem leiddi síðan til þess, að óskað var eftir allitarlegri framhaldsrannsókn hjá sakadómi Reykjavíkur hinn 6. janúar 1975. Annaðist Haraldur Henryrsson, sakadómari, hana af hálfu sakadóms, þar sem Þórir Oddsson, sem verðið hafði með málið, var þá farinn til útlanda til framhaldsnáms. Skilaði Haraldur gögnum þeirrar rannsóknar til saksóknaraembættisins hinn 30. október 1975.

Hinn 24. febrúar í ár bárust saksóknaraembættinu enn allmörg gögn varðandi mál þetta frá ríkisskattstjóra og þremur dögum síðar var gefin út ákæra í málinu, sem send var sakadómi Reykjavíkur samdægurs til dómsmeðferðar. Ákæran var svohljóðandi:

„Ríkissaksóknari hefur með ákæruskjali, dagsettu 27. þ.m., höfðað opinbert mál á hendur þeim Sigurbirni Eiríkssyni, veitingamanni, Stóra-Hofi, Rangárvöllum, og Magnúsi Leopoldssyni, framkvæmdastjóra, Lundarbrekku 10, Kópavogi, fyrir brot á lögum um söluskatt og eignarskatt og bók-

haldslögum við rekstur veitingahússanna Glaumbæjar og Lækjarteigs 2 (Klúbbins) í Reykjavík.

Er ákærðu gefið að sök að hafa frá 1. janúar 1970 til 1. október 1972 dregið undan við framtöl til söluskatts söluskatt samtals að fjárhæð kr. 3.484.694. Þá er Sigurbirni gefið að sök að hafa vanrækt skil til skattstjóra á lögboðnum skýslum (launaframtölum) um starfslaun í veitingahúsunum, sem á skattárunum 1970 og 1971 námu samtals kr. 18.771.469 auk launa framreiðslumanna sem á sömu árum námu a.m.k. kr. 10.827.136.

Ennfremur er Sigurbirni gefið að sök að hafa vanrækt að telja fram til tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárin 1970 og 1971 og komizt með því hjá greiðslu tekjuskatts að fjárhæð samtals kr. 3.226.809 og jafnframt með sama hætti komizt hjá greiðslu útsvara fyrir sömu skattár að fjárhæð samtals kr. 1.518.690. Loks er Sigurbirni gefið að sök stórfelld vanræksla og óreiðusemi í bókhaldi vegna fyrrgreinds veitingarekstrars.

Máli þessu hefur verið vísað til dómmeðferðar við sakadóm Reykjavíkur og eru dómkröfur ákærvalds þær, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, sviptir leyfum til vinveitinga og veitingasölu og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Fyrrgreindar upphæðir nema samtals tæplega 38 milljónum króna. Að sögn Haralds Henryrssonar, sakadómara, var ákærðu birt ákæran samdægurs en þeir sátu þá báðir í gæzluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu í sambandi við rannsókn Geirfinnsmálsins. Málið var þingfest hinn 19. marz sl. Verjendum ákærðu, Inga Ingimundarsyni, verjanda Sgurbjörns, og Hafsteini Beldvínssyni, verjanda Magnúsar, var gefinn frestur til 21. maí til að skila vörnum í málinu. Verjendur lögðu þá einnig fram bréf þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum um tiltekin atriði, m.a. skattalegs eðlis frá fkskattstjóra. Verjendur fengu síðan nýjan frest vegna gæzluvarðhaldsvistar tvímenninganna um tíma, þar sem þeir töldu sig ekki hafa nægilegan aðgang að skjólstæðingum sínum af þeim sökum. Vörnum var skilað í málinu hinn 14. október sl. og málið þá dómtekið. Kvaðst Haraldur Henryrsson vonast til að dómur gengi áður en langt um liði, en meðdómendur hans í máli þessu eru Ragnar Ólafsson hrl. og Arni Björnsson hdl., sem báðir eru endurskoðendur.

Hafa þá verið rakin eins ítarlega og kostur er málsatvik og ferill þess á báðum sviðum rannsóknarinnar — innan dómkerfisins og hjá skattayfirvöldum. Er þá tímabært að staldra við ýmsar spurningar sem vaknað hafa í sambandi við mál þetta og öllu því að það komst aftur í hárnæli á síðastliðnum vetri, teygði anga sína inn í hið virðulega Alþingi, sáu fjölmiðlum fyrir fréttaefni svo vikum skipti og komu slíku róti á þjóðfélagið allt, að umræðunni um það hefur engan veginn linnt enn þann dag í dag.